

Lyfjagreiðslunefnd

FUNDARGERÐ 329. fundar aukafundur - DRÖG

Dagsetning og staður: 19. nóvember 2020 kl. 10:00-12:00 - Fjarfundur á SKYPE

Framhaldsfundur 20. nóvember 2020 kl. 12:00-13:00 - Fjarfundur á SKYPE

Fundinn sátu:

Nefndarmenn:

Eva Ágústsdóttir, formaður

Eva Björk Valdimarsdóttir

Kristinn H. Jónasson vék af fundi kl 11:30 – þann 19. nóvember

Jóhann M. Lenharðsson

Katrín E. Hjörleifsdóttir boðaði forföll og sat varamaður hennar Guðrún B. Elíasdóttir fundinn.

Starfsmenn nefndarinnar:

Sveinbjörn Högnason

Guðrún Oddsdóttir (ritari)

1.	Dagskrá fundarins
Niðurstaða:	Dagskrá fundarins var samþykkt. Um að ræða fjarfund á SKYPE. Allir fundarmenn eru samþykkið þessu fyrirkomulagi og að fundarmenn geti greitt atkvæði á fundinum.
2.	Vanhæfi
Niðurstaða:	Nefndarmenn lýstu því yfir að þeir teldu sig ekki vanhæfa við afgreiðslu einstakra erinda á fundinum.
3.	Staðan á afgreiðslu umsókna
Efni:	Farið var yfir umsóknir og erindi sem liggja fyrir hjá nefndinni.
4.	Önnur mál
4.1	Af - S - merking lyfja frá 1. janúar 2021
Efni	Með vísan til 1. gr. reglugerðar nr. 353/2013, sbr. (2.) breytingarreglugerð nr. 1253/2018, um lyfjagreiðslunefnd ber lyfjagreiðslunefnd að ákveða hvaða lyf skuli vera S-merkt í lyfjaskrá. Við gildistöku lyfjalaga nr. 100/2020 þann 1. janúar 2021 verður breyting á lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, sbr. 112. gr. lyfjalaga nr. 100/2020, þ.e. orðin „S-merkt og“ í 1. mgr. 25. gr. laga um sjúkratryggingar falla brott. Þann 1. janúar nk. mun ákvæðið verða svohljóðandi:

	<p><i>Sjúkratrygging tekur til nauðsynlegra lyfja sem hafa markaðsleyfi hér á landi, hefur verið ávísað til notkunar utan heilbrigðisstofnana, þ.m.t. leyfissskyld lyf, og ákveðið hefur verið að sjúkratryggingar taki þátt í að greiða, sbr. lyfjalög.</i></p>
Niðurstaða	<p>Með vísan í framangreint yfirfór lyfjagreiðslunefnd öll S-merkt lyf í lyfjaverðskrá og undanþágulyfjaverðskrá m.t.t. nýrra greiðslumerkinga S-merktra lyfja frá 1. janúar 2021.</p> <p>Ákveðið var á fundinum að 329. fundi skyldi fram haldið daginn eftir, föstudaginn 20. nóvember kl. 12:00-13:00, vegna þess að ekki tókst að ljúka því sem fyrir fundinum lá.</p> <p>Framhaldsfundur 20. nóvember:</p> <p>Farið var yfir kostnaðarmat vegna af-Smerkingar sem taka mun gildi 1. janúar n.k. Fulltrúi SÍ gerði athugasemdir við útreikninga vegna tilflutnings fjármagns til SÍ frá S-fjárlagalið.</p> <p>Áætluð kostnaðaraukning við að afnema S-merkingu er áætlaður um 190 milljónir ársgrundvelli. Um er að töluverðan kostnað sem að mestu má rekja til tilflutnings S-merktra lyfja yfir í almenna kerfið og er heilbrigðisráðuneytinu kunnugt um niðurstöðu kostnaðarmatsins</p> <p>Farið var yfir bréf sem send verða til umboðsaðila/markaðsleyfishafa vegna breytingar á greiðsluþátttöku vegna af-S-merkingar. Ekki náðist að klára það á fundinum og verður boðað til annars fundar lyfjagreiðslunefndar mánudaginn 23. nóvember til að fara yfir bréfið.</p>
4.2	Tillaga að leyfissskyldu almennra lyfja
Efni	Að beiðni Sjúkratrygginga Íslands þarf einnig að skoða almenn lyf sem eru kostnaðarsöm með það í huga hvort þau myndu falla undir skilgreiningu á leyfissskyldu.
Niðurstaða:	Afgreiðslu erindis frestað.

Fundi lokið kl. 12:40 – 19. nóvember

Fundi lokið kl. 12:55 – 20. nóvember